

Nd.

471. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlags-
eftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 1. liðar 12. gr. laganna kemur: Meðan fleiri eða færri vöru-
tegundir eru háðar skömmun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til
verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta
skömmunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrir-
tæki hafi í byrjun skömmunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni
fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega
mikið af tiltekinni skömmunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzlun-
inni skömmunarseðla sína og fela henni að annast útvegum vörunnar fyrir sig, enda
ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.